

## Nefndarálit með breytingartillögu

### um frumvarp til laga um Miðstöð menntunar og skólaþjónustu.

Frá meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund gesti frá mennta- og barnamálaráðuneyti, BHM, ÖBÍ réttindasamtökum, Persónuvernd, Alþýðusambandi Íslands, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Iðunni fræðslusetri, BSRB, Sameyki, Samtökum iðnaðarins, Samtökum menntatæknifyrirtækja, Félagi íslenskra bókaútgefenda, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, Kennarasambandi Íslands, Félagi framhaldsskólakennara og Félagi grunn-skólakennara.

Nefndinni bárust 15 umsagnir sem eru aðgengilegar undir málinu á vef Alþingis auk minnisblaða frá mennta- og barnamálaráðuneyti og félags- og vinnumarkaðsráðuneyti. Málið var áður lagt fram á 153. löggjafarþingi (956. mál) og hafði nefndin einnig hliðsjón af umsögnum sem bárust þá.

Frumvarpið felur í sér heildarlög um nýja stofnun, Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, sem er ætlað að taka við hluta af verkefnum Menntamálastofnunar en mennta- og barnamálaráðuneytið við öðrum. Aukin áhersla verður lögð á þjónustu, ráðgjöf og stuðning en greiningarverkefni, ytra mat og ýmis stjórnsýsluverkefni flytjast til ráðuneytisins. Með frumvarpinu er settur rammi um verkefni hinnar nýju stofnunar og fram kemur í greinargerð með því að nánar verði kveðið á um þau í lögum um fræðslu- og menntamál, þar á meðal í nýjum heildarlögum um skólaþjónustu sem eru í undirbúningi.

#### Umfjöllun nefndarinnar.

Frumvarpið var samið í mennta- og barnamálaráðuneytinu í samvinnu við þingmannanefnd um málefni barna og er liður í stefnumótun um farsæld barna sem er m.a. í samræmi við framkvæmd menntastefnu til ársins 2030 samkvæmt þingsályktun nr. 16/151. Frumvarpinu er þar með ætlað að styðja mikilvægar umbætur í leik-, grunn- og framhaldsskólum landsins. Með skipulagsbreytingum innan menntakerfisins er ætlunin að styðja við nám og stuðla að aukinni farsæld barna og ungmenna óháð búsetu.

Í umsögnum sem bárust um málið var að jafnaði tekið vel í áform um að koma á fót Miðstöð menntunar og skólaþjónustu sem þjóni þremur skólastigum en jafnframt bent á að þau markmið sem að er stefnt náist fyrst þegar ný heildarlög um skólaþjónustu hafa tekið gildi. Meiri hlutinn undirstrikar að með frumvarpinu er settur rammi um verkefni hinnar nýju stofnunar, svo sem um hlutverk, verkefni og heimildir til samvinnu, samráðs og vinnslu persónuupplýsinga. Fjallað er með ítarlegri hætti um þau verkefni sem stofnunin mun sinna í annarri löggjöf á sviði fræðslu- og menntamála. Má þar helst nefna lög um leikskóla, nr. 90/2008, lög um grunnskóla, nr. 91/2008, lög um framhaldsskóla, nr. 92/2008, og lög um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 95/2019. Þá er unnið að nýjum heildarlögum um skólaþjónustu og breytingu á fyrirkomulagi útgáfu námsgagna með fyrirhugaðri breytingu á lögum um námsgögn, nr.

71/2007. Þegar liggur þó fyrir að áherslur í starfi hinnar nýju stofnunar verða aðrar en áður var. Fyrirhugaðar breytingar byggjast bæði á framtíðarstefnumótun á sviði menntamála og farsældar barna sem og reynslu af starfsemi Menntamálastofnunar, sem er m.a. rakin í stjórn-sýsluúttekt Ríkisendurskoðunar frá árinu 2021.

#### *Skólaþjónusta.*

Í menntastefnu til ársins 2030 kemur m.a. fram að byggja skuli upp heildstæða skólaþjónustu sem styður við nám og stuðlar að farsæld barna og ungmenna. Lögð er áhersla á að skólaþjónusta verði samþætt annarri þjónustu sem veitt er í þágu farsældar barna óháð búsetu. Í lögum um grunnskóla og lögum um leikskóla er mælt fyrir um framkvæmd skólaþjónustu og segir m.a. að í skólaþjónustu felist annars vegar stuðningur við nemendur og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi grunnskóla og starfsfólk þeirra. Líkt og fram hefur komið er unnið að frumvarpi til nýrra heildarlaga um skólaþjónustu, sem er áætlað að verði lagt fram á yfirstandandi löggjafarþingi.

Meiri hlutinn undirstrikar nauðsyn þess að vinna við nýtt frumvarp um skólaþjónustu verði unnin í nánú samráði við sveitarfélögin þar sem verður nánar útfært hvað felst í framkvæmd skólaþjónustu. Málefni leik- og grunnskóla heyra undir sveitarfélögin sem ráða sjálf málefnum sínum eftir því sem lög ákveða skv. 78. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands. Mikilvægt er að til staðar sé skýr ábyrgðarskipting á milli ríkis og sveitarfélaga þegar kemur að þjónustu við börn, líkt og Samband íslenskra sveitarfélaga vekur athygli á.

Fyrir nefndinni kom fram mikilvægi þess að öll börn eigi jafnan rétt til menntunar. Í greinargerð með frumvarpinu segir að vænta megi þess að betri stuðningur við börn og ungmenni í skólakerfinu, þvert á skólastig og um allt land, hafi jákvæð áhrif á réttindi barna samkvæmt barnasáttmálanum, þ.m.t. réttinn til menntunar. Meiri hlutinn bendir á að niðurstöður í alþjóðlegum mælingum hafa því miður ekki verið íslenskum börnum í hag þegar kemur að námsárangri. Lestrarkunnátta barna og þá sérstaklega drengja er óásættanleg og nauðsynlegt er að bregðast við því ástandi sem hefur skapast. Því er mikilvægt að stofnunin geti veitt skólum og kennurum þann stuðning sem til þarf til að auka námsárangur íslenskra barna.

#### *Starfsþróun, skólaþróun og frístundastarf.*

Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga er vakin athygli á nokkrum þáttum sem lögð er áhersla á að verði skýrðir frekar í þeirri vinnu sem nú á sér stað við breytingar á skólaþjónustu. Telur sambandið þörf á að tilgreina hlutverk nýrrar stofnunar hvað varðar skólaþróun og starfsþróun kennara. Fyrir nefndinni var sérstaklega vísað til þess að þörf væri á faglegri forystu, yfirsýn og stefnumótun hvað þetta varðar.

Fjallað er um starfsþróun kennara og skólastjórnenda í lögum um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 95/2019, en markmið þeirra laga er að tryggja menntun og hæfni í samræmi við störf og ábyrgð. Þar er m.a. mælt fyrir um ráðherraskipað kennararáð sem hefur það hlutverk að veita leiðbeiningar og ráðgjöf og er t.d. ætlað að fylgjast með alþjóðlegri þróun og áherslum í menntavísindum sem varðar ráðgjöf um kennaramenntun og starfsþróun.

Í minnisblaði ráðuneytisins dags. 14. nóvember 2023 kemur fram að það sé liður í heildarendurskoðun skólaþjónustu að skilgreina nýtt hlutverk stofnunarinnar, sem varðar jafnframt hlutverk í skólaþróun. Mikilvægt sé að gera breytingar á stofnanauppbyggingu og að ný stofnun verði sett á fót áður en umfangsmiklum stefnubreytingum verður hrint í framkvæmd. Viðbúið sé að með frumvarpi til nýrra laga um skólaþjónustu felist frekari tillögur að breytingum á hlutverki Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu. Meiri hlutinn tekur undir mikil-

vægi þess að hlutverk stofnunarinnar við skólaþróun sé skýrlega skilgreint og áréttar að stofnunin hafi hlutverki að gegna í starfsþróun starfsfólks skóla þó að grunnmenntun, framhaldsnám og símenntun verði í höndum háskólanna. Lagaumgjörðin til framtíðar þarf að tryggja stefnumótun, yfirsýn, faglega forystu og utanumhald til að tryggja samhæfingu námskrár, námsefnis og skólaþróunar.

Þá var vísað til þess fyrir nefndinni að afmörkun hlutverks stofnunarinnar varðandi frístundastarf sé óljóst. Meiri hlutinn vill áréttar að Miðstöð menntunar og skólaþjónustu starfar í þágu barna og ungmenna á sviði fræðslu- og menntamála um land allt. Í skýringum við 1. gr. frumvarpsins sem fjallar um hlutverk stofnunarinnar er nánar fjallað um hvað teljist til fræðslu- og menntamála sem er m.a. sú starfsemi sem kveðið er á um í lagabálkum um leik-, grunn- og framhaldsskóla. Líkt og mennta- og barnamálaráðuneytið tilgreinir í minnisblaði til nefndarinnar dags. 14. nóvember 2023 á ný stofnun að geta stutt allt frístundastarf sem skilgreint er í gildandi lögum um grunnskóla og nær því til frístundaheimila, sbr. 33. gr. a laga um grunnskóla, nr. 91/2008, og jafnframt til tómsunda- og félagsstarfs, sbr. 33. gr. sömu laga.

#### *Námsgögn.*

Í b-lið 4. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að Miðstöð menntunar og skólaþjónustu skuli sjá nemendum í skyldunámi fyrir vönduðum og fjölbreyttum námsgögnum og öðrum nemendum eftir því sem stofnuninni kann að vera falið, sem er óbreytt orðalag frá a-lið 5. gr. laga um Menntamálastofnun, nr. 91/2015. Í greinargerð með frumvarpinu er vísað til þess að Miðstöð menntunar og skólaþjónustu taki við verkefnum Menntamálastofnunar um námsgögn en að unnið sé að frekari lagabreytingum um námsgögn sem er fyrirhugað að leggja fram á Alþingi á yfirstandandi þingi.

Í umsögn skólamálanefndar Félags grunnskólakennara er vakin athygli á þörf fyrir faglegri og samræmdari útgáfu námsgagna og telur skólamálanefndin mikilvægt að unnið verði markvisst að því að bæta framboð á námsgögnum. Þá segir í umsögn frá Félagi íslenskra bókaútfanda að það að „tryggja aðgengi kennara og nemenda að fjölbreyttum námsgögnum með sambærilegum hætti og gert er á hinum Norðurlöndum er fyrst og fremst þjóðhagslegt framfaraskref, nemendum og íslensku menntakerfi til heilla og hagsbóta“. Þá komu fram sjónarmið um mikilvægi þess að einkamarkaðurinn verði þátttakandi í útgáfu námsgagna. Í þeim tilfellum yrði hlutverk stofnunarinnar m.a. að útbúa gæðaviðmið og votta námsgögn. Meiri hlutinn tekur undir þau sjónarmið sem fram komu við umfjöllun málsins, í ábendingum í umsögn Kennarasambands Íslands þar sem er kallað eftir frekari aðkomu stofnunarinnar vegna námsgagnagerðar fyrir leik- og framhaldsskóla en ekki eingöngu nemenda í skyldunámi. Meiri hlutinn telur brýnt að efla gerð og útgáfu fjölbreyttra námsgagna á margs konar formi fyrir nemendur á skólaskyldualdri og beinir því til ráðuneytisins að taka mið af þeim sjónarmiðum og ábendingum sem fram hafa komið í umsögnum við yfirstandandi vinnu vegna lagabreytinga þegar kemur að námsgögnum. Meiri hlutinn telur að námsgögn eigi að fylgja markmiðum um nám við hæfi, starf kennara og þróun náms og kennslu. Námsgögn eiga að vera öllum nemendum að kostnaðarlausu til að tryggja jafnrétti til náms óháð efnahag og aðstæðum. Þá leggur meiri hlutinn áherslu á að vinnu vegna fyrirhugaðra lagabreytinga varðandi hlutverk Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu vegna námsgagna verði hraðað svo að Alþingi gefist svigrúm til að fjalla um frumvarp þess efnis á yfirstandandi þingi.

### *Stafrænar lausnir í skólastarfi.*

Fyrir nefndinni var rætt um mikilvægi þess að leysa hindranir sem kunna að aftra nýtingu stafrænna lausna í skólastarfi. Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga er t.d. bent á hversu íþyngjandi það sé fyrir hvert og eitt sveitarfélag að leggja mat á stafrænar lausnir fyrir skólastarflíkt og kennsluhugbúnað og stafræn námsgögn með tilliti til gæða, öryggis og persónuverndar. Því sé mikilvægt að nýrri stofnun verði falið það hlutverk að framkvæma fjölþætt mat, þ.m.t. mat á áhrifum á persónuvernd, fyrir hönd ábyrgðaraðila vinnslu persónuupplýsinga, þegar stafrænar lausnir eru innleiddar af hálfu skólastofnana. Slíkt myndi leiða til verulegs hagræðis fyrir skólastofnanir sem hafa til þessa hver um sig þurft að bera þungann af slíkri vinnu.

Samtök iðnaðarins og Samtök menntatæknifyrirtækja benda á að tryggja þurfi „aukið framboð af nýsköpun í menntatækni til að nútímavæða og auðga nám barna, mæta fjölbreyttum áskorunum innan skólakerfisins og nýta fjármagn sem best þegar kemur að grunn-, framhaldsskóla- og framhaldsmenntun“. Þá benda samtökin á að nemendur í þeim löndum sem fjárfesta hve mest í menntatæknifyrirtækjum sýna betri námsárangur. „Að tryggja aðgengi kennara og nemenda að fjölbreyttu stafrænu, vottuðu, íslensku námsefni með sambærilegum hætti og gert er á hinum Norðurlöndum er fyrst og fremst þjóðhagslegt framfaraskref, nemendum og íslensku menntakerfi til hagsbóta,“ líkt og segir jafnframt í umsögn samtakanna.

Meiri hlutinn tekur undir þessar ábendingar og telur nauðsynlegt að brugðist verði við til að auka framboð og styðja við notkun á rafrænum og stafrænum lausnum í skólastarfi þannig að möguleikar menntatækninnar nýtist til fulls í íslensku skólakerfi. Þá aftri það framförum í nýtingu stafrænna lausna í skólastarfi að sveitarfélög sinni mati á áhrifum á persónuvernd hvert í sínu lagi, oft fyrir sama kennsluhugbúnað. Augljós samlegðaráhrif séu af því að samræma þetta verklag sem og betri nýting fjármuna. Meiri hlutinn áréttar það sem fram kemur í minnisblaði mennta- og barnamálaráðuneytis dags. 14. nóvember 2023 um að ráðuneytið taki undir mikilvægi þess að miðlæg stofnun stuðli að því að öryggi og gæði kennsluhugbúnaðar sé tryggt á landsvísu. Meiri hlutinn beinir því til ráðuneytisins að útfæra þetta nánar með hliðsjón af þeirri vinnu sem stendur yfir við endurskoðun á fyrirkomulagi útgáfu námsgagna.

### *Samvinna og samráð við haghafa.*

Meiri hlutinn telur mikilvægt að Miðstöð menntunar og skólaþjónustu hafi heimildir til samráðs og samvinnu líkt og mælt er fyrir um í 3. gr. frumvarpsins, m.a. við skóla og aðra aðila, félög, samtök og stofnanir, sem tengjast starfsemi hennar sem og börn og ungmenni. Þá er mælt fyrir um reglubundið samráð við sveitarfélög og samvinnu við Barna- og fjölskyldustofu og Ráðgjafar- og greiningarstöð um verkefni sem varða þjónustu í þágu farsældar barna. Meiri hlutinn telur að með samráði, samvinnu og heimildum til miðlunar persónuupplýsinga, svo sem með samkeyrslu skráa, verði fyrst hægt að ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Þá gæti það stuðlað að enn betri samvinnu ef hægt verður að finna starfsemi Barna- og fjölskyldustofu, Ráðgjafar- og greiningarstöðvar og Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu sameiginlegt húsnæði líkt og fram kemur í tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar 2023–2027 (241. mál) sem er til umfjöllunar hjá velferðarnefnd á yfirstandandi þingi. Með því skapist aukin tækifæri til þekkingarmiðlunar, samstarfs og nýsköpunar þvert á ríkisstofnanir. Meiri hlutinn undirstrikar mikilvægi þess að tryggja samvinnu og samræmdar upplýsingar til hagsbóta fyrir einstaklinga sem þurfa á þjónustu að halda.

Fyrir nefndinni voru gerðar athugasemdir um að óljóst væri hvernig samráði við haghafa Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu verði háttað eftir að hún hefur starfsemi. Meiri hlut-

inn áréttar að í frumvarpinu er byggt á því að haft skuli samráð við fjölbreyttan hóp haghafa. Í því sambandi er bent á að upptalning í 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins, þar sem fjallað er um samráð við „skóla og aðra aðila, félög, samtök og stofnanir“, nær til þessara fjölbreyttu hópa, þar á meðal samtaka kennara og annars starfsfólks skóla og foreldra, svo einhverjir séu nefndir.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að reglulegt og virkt samráð Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu við þessa aðila er forsenda þess að stofnunin nái þeim árangri sem að er stefnt og mikilvægt er að gagnsæi ríki um framkvæmd samráðs þótt ekki sé kveðið á um framkvæmdina í lögum. Nefndin ræddi einnig um mikilvægi alþjóðlegs samráðs um þróun menntakerfisins.

#### *Vinnsla persónuupplýsinga.*

Í umsögn Persónuverndar eru gerðar athugasemdir við vinnsluheimildir frumvarpsins og skilyrði fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga. Miðstöð menntunar og skólaþjónustu hefur heimild til vinnslu persónuupplýsinga skv. 5. gr. frumvarpsins að því marki sem nauðsynlegt er til að sinna lögbundnu hlutverki samkvæmt frumvarpinu sem og öðrum lögum sem fjalla um verkefni stofnunarinnar, m.a. í lögum um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Í minnisblaði mennta- og barnamálaráðuneytis frá síðasta löggjafarþingi, dags. 31. maí 2023, er áréttað hvað þetta varðar að öll vinnsla persónuupplýsinga skuli fara fram í samræmi við meginreglur um vinnslu persónuupplýsinga og ákvæði laga nr. 90/2018. Ekki er um að ræða ótakmarkaða heimild til vinnslu persónuupplýsinga heldur eingöngu með upplýsingar sem þykja nauðsynlegar vegna lögbundinna verkefna stofnunarinnar. Þá skuli ávallt leggja mat á lögmæti vinnslu þegar persónuupplýsingum er miðlað milli aðila. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að óhjákvæmilegt sé að Miðstöð menntunar og skólaþjónustu hafi heimild til að vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar, m.a. til að tryggja einstaklingsmiðað nám og viðeigandi stuðning við börn og aðra nemendur í skólum. Meiri hlutinn ítrekar að lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, gilda um alla vinnslu persónuupplýsinga hjá hinni nýju stofnun. Ekki standi til að mæla fyrir um almennar vinnsluheimildir í reglugerð, sbr. 4. mgr. 5. gr. frumvarpsins, þar sem kveðið er á um heimild fyrir ráðherra til að setja reglugerð um vinnslu persónuupplýsinga og eftir atvikum nánari skilyrði um þá vinnslu sem er heimiluð á grundvelli laga.

Jafnframt er í umsögn Persónuverndar bent á að það sé skylda ábyrgðaraðila skv. 29. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, að láta fara fram mat á áhrifum á persónuvernd og er m.a. vísað til frekari leiðbeininga um það hvenær skylt er að framkvæma slíkt mat, sbr. auglýsingu nr. 828/2019 um skrá yfir vinnsluaðgerðir sem krefjast ávallt mats á áhrifum á persónuvernd. Meiri hlutinn tekur undir þetta og leggur áherslu á að ábyrgðaraðila, sem er í þessu tilviki Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, beri að framkvæma mat á áhrifum á persónuvernd áður en vinnslan hefst, líkt og lög um persónuvernd kveða á um. Að mati ráðuneytisins er ekki ástæða til breytinga á frumvarpinu á grundvelli ábendinga Persónuverndar og tekur meiri hlutinn undir það mat.

Meiri hlutinn undirstrikar mikilvægi þess að ávallt sé gætt að ákvæðum persónuverndarlaga, ekki síst þegar kemur að vinnslu persónuupplýsinga sem varða börn og nemendur á öllum menntastigum. Það er verkefni löggjafans að tryggja stjórnvöldum, sveitarfélögum og menntastofnunum fullnægjandi vinnsluheimildir í því skyni að þau geti sem best sinnt skyldum sínum í samræmi við ákvæði laga, aðalnámskrár, stefnu stjórnvalda og alþjóðleg viðmið. Á grundvelli 2. tölul. 5. mgr. 39. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, er það eitt af verkefnum Persónuverndar að veita stjórnvöldum ráðgjöf á sviði

lagasetningar og stjórnýsly sem tengist vernd einstaklinga við vinnslu persónuupplýsinga. Í 4. mgr. 36. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 felst að stjórnvöld skulu hafa samráð við Persónuvernd við undirbúning lagasetningar sem fjallar um vinnslu persónuupplýsinga, sbr. einnig 96. lið formála reglugerðarinnar. Meiri hlutinn leggur áherslu á og telur grundvallaratriði að Persónuvernd sinni lögbundinni ráðgjöf í samræmi við ákvæði persónuverndarlaga á fyrstu stigum frumvarpsgerða til að tryggja að markmið um persónuvernd náist samhliða markmiðum laga. Meiri hlutinn hefur lagt mat á umsögn Persónuverndar og telur að heimildir nýrrar stofnunar til vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við lögbundin verkefni hennar séu skýrar.

Meiri hlutinn telur mikilvægt að Persónuvernd veiti ráðgjöf við yfirstandandi endurskoðun laga sem varða framtíðarstefnumótun fyrir menntakerfið til að tryggt sé að útfærsla og orðalag lagaákvæða séu í senn til þess fallin að stuðla að farsæld barna. Samráð þetta er ekki síst mikilvægt í því skyni að koma í veg fyrir réttaróvissu sem skapast hefur í skólaumhverfi um miðlun persónuupplýsinga milli menntastofnana og innleiðingu stafrænna kennslulausna. Telur meiri hlutinn einsýnt að aukið samráð Persónuverndar við stjórnvöld sé til þess fallið að tryggja lögmæta vinnslu persónuupplýsinga barna sem njóta sérstakrar verndar og hefur verið í fyrirrúmi hjá stofnuninni.

#### *Framhaldsfræðsla o.fl.*

Í umsögnum komu fram ábendingar um að ekki væri nægjanlega skýrt hvernig þeim verkefnum framhaldsfræðslunnar sem Menntamálastofnun hefur séð um verði sinnt ef frumvarpið verður að lögum, svo sem vottun námskráa og viðurkenningu fræðsluaðila. Þá er vakin sérstök athygli á stöðu raunfærnimats eftir að fræðsluverkefnum var skipt á þrjú ráðuneyti. Framhaldsfræðsla er nú á verksviði félags- og vinnumarkaðsráðuneytis, sbr. forsetaúrskurð um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, nr. 6/2022. Í umsögnum Alþýðusambands Íslands og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins o.fl. komu fram áhyggjur af áhrifum á viðurkenningu og gildi menntunar í framhaldsfræðslu og raunfærnimat ef óvissa ríkti um hvernig þessum verkefnum yrði háttað í framtíðinni og hver bæri ábyrgð á þeim ef þau yrðu ekki hjá nýrri Miðstöð menntunar og skólaþjónustu.

Í minnisblaði mennta- og barnamálaráðuneytis dags. 14. nóvember 2023 er lögð áhersla á mikilvægi samstarfs og samræmis milli framhaldsfræðsluaðila og framhaldsskóla og að samtal sé við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hvað það varðar. Meiri hlutinn óskaði eftir nánari upplýsingum um stöðu framhaldsfræðslunnar hjá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti en það liggur fyrir að unnið er að heildarendurskoðun á framhaldsfræðslukerfinu, þ.m.t. lögum um framhaldsfræðslu, nr. 27/2010. Í svari ráðuneytisins kemur fram að gengið er út frá því að þær ákvarðanir sem Menntamálastofnun hefur tekið í tengslum við vottanir námskráa og viðurkenningu framhaldsfræðsluaðila haldi gildi sínu þrátt fyrir að stofnunin verði lögð niður við gildistöku fyrirhugaðra laga um Miðstöð menntunar og skólaþjónustu og því sé ekki þörf á að bregðast sérstaklega við í lögum um framhaldsfræðslu hvað það varðar. Meiri hlutinn tekur undir þennan skilning en leggur áherslu á að fyrir gildistöku laganna liggi það fyrir af hálfu félags- og vinnumarkaðsráðuneytis hver sjái um vottun fræðsluaðila, vottun námskráa og birtingu námskráa í námskrárgrunni. Það er nauðsynlegt jafnt fyrir símenntunarmiðstöðvarnar sem sjá um framkvæmd framhaldsfræðslunnar og einstaklinga sem nýta hana að þetta liggi skýrt fyrir.

Meiri hlutinn áréttar að ákvæði frumvarpsins hafa engin bein áhrif á framkvæmd raunfærnimats en vill engu að síður ítreka mikilvægi þess að fela tilteknum aðila forystu við þróun raunfærnimats. Eins leggur meiri hlutinn áherslu á mikilvægi samstarfs framhaldsfræðsl-

unnar, framhaldsskólastigsins og háskólastigsins um þróun og framkvæmd raunfærnimats með hagsmuni einstaklinga sem nýta sér þessa leið í námi að leiðarljósi.

Þá vill meiri hlutinn geta þess að í umsögn frá Iðunni fræðslusetri sem og frá Samtökum iðnaðarins og Samtökum menntatæknifyrirtækja er bent á að ekki sé ljóst hvert málefni eða einstök verkefni sem tengjast iðn- og starfsnámi eigi að fara þar sem ekki kemur skýrt fram hver taki við stjórnsýsluverkefnum sem nú eru á borði Menntamálastofnunar. Tryggja þurfi að flutningur verkefna hafi ekki neikvæð áhrif á viðurkenningu og gildi menntunar innan kerfisins og mikilvægt sé að menntakerfið sinni færniþörf iðnaðar. Meiri hlutinn tekur undir mikilvægi þess að styðja við iðn-, verk- og tækninám og er þessu frumvarpi ekki ætlað að hafa áhrif á verkefni sem það varða líkt og ráðuneytið tilgreinir í minnisblaði til nefndarinnar. Miðstöð menntunar og skólaþjónustu verði falið að veita framhaldsskólum miðlægan stuðning, þar á meðal skólum sem bjóða upp á iðn-, tækni- og verknám, en stjórnsýsluverkefni færast til mennta- og barnamálaráðuneytis, svo sem hvað varðar staðfestingu námsbrautarlýsingar framhaldsskóla, eftirlit og eftirfylgni auk þess sem áhersla sé lögð á uppbyggingu þegar kemur að söfnun, greiningu og miðlun upplýsinga.

#### *Starfsfólk Menntamálastofnunar.*

Með frumvarpinu er lagt til að öll störf hjá Menntamálastofnun verði lögð niður og ný störf auglýst laus til umsóknar í samræmi við 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, bæði hjá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu sem og vegna verkefna sem flytjast til mennta- og barnamálaráðuneytis. Þó er heimild til að flytja forstjóra Menntamálastofnunar í embætti forstjóra Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu án auglýsingar.

Í umsögn BHM kemur fram að bandalagið taki ekki efnislega afstöðu til þeirra breytinga sem að er stefnt með frumvarpinu en telja þó vel fært að ná fram sömu markmiðum með vægari aðgerðum hvað varðar starfsfólk Menntamálastofnunar. Verði ekki fallist á vægari leið, svo sem með því að breyta hlutverki Menntamálastofnunar til samræmis við breyttar áherslur eða með því að bjóða starfsfólki forgang að störfum hjá nýrri stofnun eða ráðuneytinu, telur bandalagið að það sé lágmarkskrafa að tryggt verði að það starfsfólk sem sækir um og hlýtur starf hjá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu haldi áunnum kjarasamningsbundnum réttindum frá störfum sínum hjá Menntamálastofnun. Sömu sjónarmið koma fram í umsögn BSRB og Sameykis sem telja að gæta þurfi hagsmuna starfsfólks með jafnræði og meðalhóf að leiðarljósi.

Meiri hlutinn beinir því til mennta- og barnamálaráðuneytis og Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu að leita leiða til að draga úr áhrifum á niðurlagningu starfa gagnvart starfsfólki Menntamálastofnunar sem hlýtur ráðningu í ný störf hjá nýrri stofnun eða ráðuneytinu, hvað varðar áunnin kjarasamningsbundin réttindi, líkt og veikindarétt og möguleika á námsleyfi, líkt og fram kemur í minnisblaði ráðuneytisins dags. 14. nóvember.

#### **Breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar.**

Með frumvarpinu er kveðið á um að lögin öðlist gildi 1. mars 2024 en meiri hlutinn leggur til að gildistöku verði seinkað til 1. apríl 2024. Þá leggur meiri hlutinn til breytingar á frumvarpinu sem eru tæknilegs eðlis og er ekki ætlað að hafa efnisleg áhrif.

Að framangreindu virtu leggur meiri hluti nefndarinnar til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

## BREYTINGU:

1. Í stað „1. mars 2024“ í 8. gr. og ákvæði til bráðabirgða I, II, III og IV komi: 1. apríl 2024.
2. Í stað orðanna „1. másl. 4. mgr. 39. gr., og 4. másl. 2. mgr. 46. gr.“ í c-lið 6. tölul. 9. gr. komi: og 1. másl. 4. mgr. 39. gr.
3. Í stað „orðsins „Menntamálastofnun““ í b-lið 7. tölul. 9. gr. komi: orðanna „Menntamálastofnun“ og „Menntamálastofnunar“.
4. Í stað orðanna „þessari grein“ í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV komi: ákvæði þessu.

Sigmar Guðmundsson, áheyrnarfulltrúi, er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 24. nóvember 2023.

Bryndís Haraldsdóttir,  
form.

Líneik Anna Sævarsdóttir,  
frsm.

Birgir Þórarinsson.

Dagbjört Hákonardóttir.

Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir.

Jódís Skúladóttir.